

Umræðupunktur frá landsfundi Ungra umhverfissinna um náttúruvernd

Þema 1: Dýravernd

Fræðsla:

- Miðlun þekkingar, samvinna lista og vísinda, virkja almenning í gagnasöfnun
- Bæta þarf fræðslu um villt dýr
- Bæta þarf upplýsingagjöf um hvaða alþjóðlega samstarf sé í gangi varðandi dýravernd á Íslandi
- Það eru fin markmið um náttúruvernd í aðalnámskrá grunnskóla en það vantar betri verkfæri fyrir kennara til að fylgja því eftir
- Fræðslu í skólum
- Fræðsla er mjög mikilvæg (það er ekki hægt að mynda sér upplýsta skoðun nema maður sé upplýstur)
- Umhverfisfræðsla mjög ábótavant.
- Kennarar þurfa að vera vel upplýstir (ekki bara að sýna vídeó) þeir þurfa að vera með góða þekkingu. Betri þekkingu en nemendur sínir.
- Mikilvægt að leggja vel upp úr fræðslu á dýravernd
- Endurskoða áherslur í námskrá - gefa rými fyrir dýravernd í skólum landsins
- Að vera með sterkari samfélagsmiðlafræðslu um dýravernd (Instagram)

Lög og reglur:

- Velferð á dýrum
 - Eiga lög in við um fiska?
 - Veiða og sleppa
- Skilgreining á því hvað er tjón
 - Er hægt að gera ráð fyrir tjóninu í stað þess að veita undanþágu
 - Gæti ríkið styrkt þau sem verða fyrir tjóni í stað þess að veita leyfi til að veiða dýrið
 - Við getum komið í veg fyrir tjónið með skipulagi
- Algjör friðun allra tegunda á válistum
 - Hefðarregla ætti ekki að gilda hér þ.e. undantekningar á lögnum
- Friðun a.m.k. 30% lands og sjávar
- Friðun stærri svæða í samræmi við tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands

- Hver ákveður hvað sé ásættanlegt (ásættanleg verndarstaða líkt og Snorri talaði um)
- Skilgreiningar á villtum dýrum
- Velferð dýra t.d. meðferð við innflutning á gæludýrum, veikur lagarammi í kringum dýrameðferð sbr. Svíþjóð þar sem ekki má skilja gæludýr eftir heima á daginn (og á villtum dýrum). Snorri talaði um að við getum ekki haft áhrif á hungur, vanlíðan og þorsta af náttúrulegum orsökum - hvað með loftslagsbreytingar af mannavöldum.
- Dýr á valista ættu að eiga inni vernd og friðlýsingu.
- Dýraverndalög, villidýralög, ---> setja alla þessa undirflokk í einn flokk. Sem snýst um að vernda ÖLL dýr.
- Það vantar skýrari viðurlög um hvaða lög er verið að brjóta
- Hvað er tjón? Vantar skilgreiningu. Í nánast öllum erindunum var fjallað um að undantekning fyrir vernd væri ef um tjón væri að ræða. Sömuleiðis að verið væri að ræða um að taka álfina af vernd vegna tjóns.
 - Er hægt að gera ráð fyrir tjóninu í staðinn fyrir að setja á undanþágu?
 - Gæti ríkið greitt fyrir tjónið í stað þess að leyfa veiði
 - Gætum við komið í veg fyrir tjónið með skipulagi
- Veiða-sleppa á laxfiskum í ám
 - eiga lögin ekki líka við um fiska? Þetta þarf að skoða betur

Rannsóknir:

- Við þurfum að vita meira um lífverurnar sem við sjáum ekki með berum augum
- Hjúveiði (meðafla)
 - Lausnir með nýsköpun
 - Rannsóknir
 - Kvóti
 - Verndarsvæði
- Fjármagn í rannsóknir
 - t.d. rannsóknir á áhrifum beitar hreindýra á landið
- Mikilvægt að efla og hraða mati á stofnum dýra (sérstaklega sjávarspendýra)
- Opnun siglingaleiða á norðurskauti hefur slæm áhrif á lífsgæði sjávardýra t.d. með hljóðmengun
- Kristinn talaði um áhrif loftslagsbreytinga á fugla en óljóst hver þau væru á Íslandi og hvernig það væri rannsakað.
- Það mætti fara í það að skoða betur smádýr og hvort þau þurfa vernd.
- Setja meira fjármagn í rannsóknir og styðja við fræðimenn.
- Þarf að vakta betur ferðir og hversu stór stofninn er hjá selum og hvölum líkt og gert er hjá hreindýrum

Eftirlit:

- Hafa eftirlit með meðafla
 - Fælur á veiðarfærum
 - Betri veiðarfæri
- Sterkara eftirlit á veiðum í sjó- nú er lítið sem ekkert eftirlit

Dýravelferð:

- Dýrasiðfræði
 - Heimilisdýr
 - Veiðar
 - Húsdýragarðar
- Veita dýrum aukin réttindi
- Réttindi dýra sem einstaklingar
- Það er pláss fyrir bætingar í dýravelferð t.d. í sláturhúsum, öryggismyndavélar til að passa uppá að það sé ekki verið að misþyrma dýrum, gera aðstæðurnar minna hræðilegar þannig.
- Ef slæm umgengni er um dýr þá hafa dýralæknar ekki nógu mikil völd til að grípa inn í
- Hætta að drepa refi og hvali og seli.
- Breyta Húsdýragarðinum í dýraathvarf
- Verndargildi dýra ræðst ekki af bragði.
- Velferð á dýrum

Annað:

- Jarðminjar/ landslagið er undirstaða dýraríkisins sem við þurfum að vernda
- Hvað segja sérfræðingar að við getum gert til að hafa áhrif?
- Hver eru áhrif hagsmunaaðila á dýravernd?
- Vistheimt í borg
- Líffræðileg fjölbreytni
 - Eftirlit með veiðum á sjó
 - Verkferlar
 - Vakta betur stofna
 - Viðurlög ef ekki skoðað
- Hobbýbúskapur hefur mikil áhrif
- Hefðir og hagsmunaaðilar - hugarfarsbreytingar
- Falla alfarið frá veiðum dýra sem valda meintu tjóni (sem á sennilega við engin rök að styðjast)
 - Láta vistkerfi um stýringu stofnstærða
- Jafnvægi stofna er mikilvægt
- Koma í veg fyrir eyðingu og/eða truflun náttúrulegra búsvæða
 - t.d. af völdum ferðamennsku
- Huga þarf að öllum dýrategundum þ.e. líka hryggleysingjum
- Meiri umræða um skordýr í líffræðilegum fjölbreytileika - líka í þéttbýli
- Hryggleysingjar
- Byggja hverfi og borgarlandslag sem vinnur með dýrum (bæði villtum og heimilis) þar sem allir lifa í sátt.
- Líffræðileg fjölbreytni

Þema 2: Landnýting

Fræðsla:

- Skilningur vistkerfa til að skilgreina verðmæti þeirra
- Fræðsla nái lengra en kennarahópar og próffessorar, inn í grunnskóla og ofar í menntakerfinu, endurmenntun kennara sem þurfa leiðbeiningar um málefnið, miðla betur svo miðlunin verði ekki bara í formi æsifréttamennsku og valdi kvíða og doomisma.
- Þarf meiri fræðslu um líffræðilega fjölbreytni, Ísland hefur gott rannsóknartækifæri fyrir alþjóðlegt samstarf um líffræðilegan fjölbreytileika.
- Miðla að fræðslu
- Leyfa okkur að vera hluti af lausninni og kenna okkur á þá siði/aðferðir. Þarf að eiga sér stað meira kynslóðasamtal.
- Vantar meiri fræðslu um lúpínu, hvernig er lífsferillinn, hver eru áhrif hennar á líffræðilegan fjölbreytileika, hvað er hægt að gera? Planta birki eða hindberjum til að láta hana hörfa?
- Erum farin að sjá áhrif loftslagsbreytinga núna á Íslandi, vantar meiri miðlun og fræðslu á þessum áhrifum og hverju megi búast við.
- Efla fleira fólk sem er ekki í vísindagreinum/umhverfisfræði
 - Til að miðla
 - Sjá þetta öðruvísi
 - Koma þessu í breiðari hóp
 - Fræða með fjölmiðlum
 - Uppræta meðvirkni eða afneitun.
- Það þarf að bæta læsi almennings á illa förnu landi.
- Kynningarefni um landnýtingu er ábótavant. Þarf að fara jafn kerfislega og með því fjármagni eins og önnur stór verkefni (t.d. fékk borgarlína mikla umfjöllun og kynningu en Hálendisþjóðgarður ekki svo mikið)
- Það þarf að vekja athygli á losun landsins! Illa farið mólendi losar 2-20 milljón tonn CO₂ á ári

Rannsóknir:

- Setja þarf aukinn þrýsting á rannsóknir á mólendi, verið að rannsaka en þarf að gerast hraðar svo hægt sé að taka tölur um losun frá mólendi með inn í losunarbókhald (2-20 þús kt CO₂ ígilda)
- Efla þarf rannsóknir á N₂O losun frá lúpínu, raunverulega eðlisfræðilega losun.
- Með vitund kemur vernd, þurfum að skila betur hvernig vistkerfin starfa til að geta metið verðmætin betur.
- Vantar að bæta kortlagningu á lausum jarðlögum.
- Auknar rannsóknir
- Fræðsla og upplýsingaöflun
 - Rannsóknir á sjaldgæfum tegundum

- Fjármagn til vísindamanna
- Vantar fjármagn í rannsóknir. Stuðning við fræðimenn.
- Skoða betur tækifæri í lífrænum búskap, heilsa jarðvegs er mikilvæg
- Mikilvægt að vera tilbúin og þekkja hættur loftslagsbreytinga á plöntur t.d. þolum við skordýraplágur, hver verða áhrifin á lífríkið?

Lög og reglur:

- Losun frá friðuðu landi ætti að vera tekin með í losunarbókhald, ef landið er friðað og er ekki í landnýtingu þá dettur það út úr bókhaldinu.
- Reglusetja innflutning erlendra planta (takmarka innflutninginn)
- Það þarf að breyta ríkisstyrkjum til sauðfjárnænda í styrki til að viðhalda náttúrunni, líkt og ESB hefur verið að gera með greiðslu fyrir umhverfisþjónustu
- Ýta á að lögum sé fylgt m.t.t. verndun mó- og vaðfugla
 - Umsagnir og umræða í fjölmiðlum
- Deiliskipulag þarf að taka vistkerfi inn í myndina.
- Það þarf að búa til styrktarkerfi fyrir kolefnisbindingu og umhverfisvernd.
- Í náttúruvernd þarf að beita boðum og bönnum.
- Það þarf að skipuleggja land. Réttur landeigenda ætti að vera fylgt af reglugerðum sem unnin er af sérfræðingum með proactive approach (framsýn hugsun - allir aðilar koma að borði). Góð miðstýring. Ekki nóg að vera bara leiðbeinandi. Það þurfa líka að vera skilyrði.

Akuryrkja og grænmetisræktun:

- Mikilvægt að auka lífræna ræktun og hvetja til þess
- Fjölhæðaræktun
- Vertical farming/gróðurhús
- Vantar pressu á lífræna ræktun hjá bændum t.d. í Landbúnaðarháskólanum.
- Rækta allt grænkerafæði sem við þurfum á Íslandi
- Lífræn ræktun
 - Aukin binding (20%)
 - Styrki
 - Lagaákvæði um að Ísland eigi að stefna að x% sé lífræn rækætin, í aföngum talið
 - En auka plan fyrir bændur
 - Auka fræðslu innan Lbhí
- Það þarf að passa að það sé ekki verið að ofnýta landið, ekki einrækt → SJÁLFBÆR NÝTING
- Grænmetisræktun, auka grænmetisræktun, nýta land til grænmetisræktunar.
- Lífrænn landbúnaður

Samvinna:

- Mikilvæg þekking hjá sumum bændum (frumbyggjapekking að ákveðnu leyti) sem mikilvægt er að fræðafólk læri af og sömuleiðis styðja samskipti þarna á milli til að fara í mikilvægar aðgerðir.
- Svæðisbundin þekking tekin betur inn. Brúar bilið milli sérfræðinga, þannig er hægt að taka betri ákvarðanir
- Samstarf
- Samstarf, mjög mikilvægt að t.d. skógræktarfolk og náttúrufræðingar séu að vinna saman! Viljum alls ekki detta í þá gryfju að verða óvinir og þræta um mál sem við getum leyst málefnalega.
- Samstarf
- Ná samræmi í landnýtingu. Kerfisvandamál. (ekki vera að sá í garðinum við hliðiná og slá hinum megin --- friðland og lúpína)
- Passa að setja fjármagn til fleiri hópa en skógræktarinnar → SAMRÆMA LANDNÝTINGU
- Af hverju hata líffræðingar og skógræktin hvort annað? Vantar betra samstarf á milli þeirra.
- Þjóða ungu fólki með í hagsmunavalda í landnýtingu. Þjóða okkur að fyrra bragði.
- Landnýting á ekki heima í bergmálshelli fræðimanna. Mikilvægt að eiga gott samtal á milli sérfræðinga og hagsmunaaðila svo sem bænda.
- Hvatinn til að eiga góða landnýtingu þarf að byggja á þverfaglegri þekkingu þar sem sérfræðingar og hagsmunaaðilar koma saman að borði.
- Ungir umhverfissinnar ættu að koma inn í Biodice verkefnið
- Ungir umhverfissinnar þurfa að funda með hagsmunaaðilum. T.d ungir bændur. Passa að sú umræða sé á jafningjagrundvelli.
- Fræðisamfélagið kallar á að fá ungt fólk inn með kraftinn - en það þarf að vera búið að setja upp umræðuvettvang sem er á jafningjagrundvelli
- Ferðamennska er plássfrik. Getur nýtt undir náttúruvernd en er líka ógn á náttúru og stað. Gott samstarf þarf að vera á milli náttúruverndar- og ferðamenskuhagsmunaaðila. Þetta hóp náttúruverndarfulltrúa, og gera þá jafna hagsmunaaðilum ferðamennsku.

Skógrækt:

- Áherslu á sjálfbæra nytjaskógrækt
- Sátt/málamiðlun um ágengar tegundir
- Vantar að gera skógrækt aðgengilega, hægt að auglýsa á samfélagsmiðlum birkiskógagróðursetningu með vinalópnum og að fólk geti farið út að gróðursetja eða sá birki sem félagslegan hlut - fengið bakka og búnaðinn og skemmt sér
- Sauðfjárbætt og birkiskógar. Umræðan þarf að vera upplýst og byggð á okkar rannsóknnum á því hvernig frjáls sauðfjárbætt hefur áhrif á skóga.
- Val á svæðum fyrir skógrækt. Vinna markvisst að framtíðarplönnum skógræktar í nánú samstarfi við alla hagsmunaaðila, byggt á rannsóknnum.
 - Einnig skoða möguleika á að taka tillit til Albedo stuðuls og breytinga á honum þegar ákvarðanir eru teknar.

- Það er hægt að rækta skóg á sandi, í sandi á Íslandi er mikið af næringarefnum hlutfallslega miðað við aðra sanda. Vantar helst nitur.
- Votlendi skilar strax, en skógrækt eftir langan tíma

Endurheimt vistkerfa:

- Endurheimt vistkerfa. Búta það niður og passa að allir flokkar komist að. Kortleggja, ná sátt og fara í aðgerðir.
- Endurheimt vistkerfa
 - Mikilvægt að huga bæði að hafi og landi. Umræðan er oft miðuð aðeins að landi, en við verðum líka að leggja áherslu á hafið og vistkerfi þess.
- Losun frá framræstu landi
- Vinna með vistkerfunum en ekki drottna yfir þeim
- Kortleggja áhættuhópa planta og leggjast í hvatningu til að dreifa þeim plöntum
- Stuðningur við nýsköpun til bættrar landnýtingar og vistheimtar.
- Að gera það að normi að endurheimta vistkerfi - Útilega = gróðursetning

Votlendi:

- Af hverju liggur ákvörðunarréttur hjá landeigendum um hvort það megi endurheimta votlendi en ekki hjá komandi kynslóðum?
- Vantar að skoða betur hvernig sé best að endurheimta votlendi, hvaða virði kemur með votlendi/mýrunum, er hægt að rækta hrisgrjón í þeim?
- 70% votlenda á láglendi Íslands eru framræst
- Ef beitt er á framræstri mýri og illa fögnu mólendi getur losnað allt að 1000 CO₂ ígildi á hvert kg lambakjöts
- Fuglar og votlendi
 - Miðstýring
 - Eða skoðun á því hvernig landið er í heild
- Dreifbýli hefur mikil áhrif á framræsinguna votlendis
 - Hafa byggð ekki á framræstu landi
 - Fljótandi vegir á votlendi, einnig hægt að hafa hús?

Líffræðileg fjölbreytni:

- Líffræðileg fjölbreytni
- Áhugavert að skoða Biodice.is um líffræðilega fjölbreytni
- "Stærsta ógnin við líffræðilegri fjölbreytni eru ríkisstyrkir til landbúnaðar"

Annað:

- Land sharing (deila landinu með náttúru) og land sparing (taka frá svæði fyrir náttúruna) og jaðaráhrif landbútunar þarf að innleiða frekar í vistfræðilega byggðapróun.
- Gildi: við erum náttúruverur, í vistkerfum er að finna gildi sem leiðbeina okkur
- Ungt fólk má ekki gefa þessum sérfræðingum neinn frið, vera dugleg að láta sérfræðingana tala og miðla þessum málefnum áfram.
- Ungt fólk getur virkjað sérfræðinga - Brúa bilið

- Það þurfa að vera málamiðlanir
- Mikilvægt að viðhalda fjölbreytni í landnýtingu. Sauðfjárbætur og lúpína/skógrækt.
- Binda kolefni
- Kornbeltið
- Meira landsvæði?
- Samnýting landnýtingar
 - t.d. sauðfjárbúskapur/lúpína/skógrækt
- Vinnustaðferð/vinahittingur í gróðursetningu
- Normalisera umhverfisviðburði
- Breyta hefðinni
 - sauðfjárbætur
- Hræðslan við breytingar toga ótrúlega mikið í landnýtingu. Það er mikill þrýstingur á að hlutirnir breytist ekki.
- Markáætlun, nýsköpun við framleiðslu niturs og fjárhagslegir hvatar
- Lífrænn áburður
 - Nýting
- Hringrás og endurnýting næringarefna
 - Nýting þess brennisteins sem fellur frá jarðvarmavirkjununum landsins í formi útfellinga, sem næringariblöndun fyrir áburð
 - Mannaskitur - Hátækniskólpramleiðsla, möguleg metanframleiðsla og næringarefnin nýtt sem áburður eftir margra þrepa hreinsun (sbr. ferlin á Mývatni til landgræðslu á Hólasandi)
- Þjóða upp á fleiri vettvangsferðir út úr bænum.
- Styðja við Ungu umhverfissinna, greiða leiðina fyrir NGO félagsamtök
- Galið að vera flytja inn svona mikla mold, ættum að rækta meiri íslenska mold, hvernig er eftirlitið með jarðvegsgæðum og sjúkdómum/sníkjudýrum í innfluttum plöntum/jarðvegi?
- Nýta þarf landið fyrir það sem það hentar best fyrir.
- Við berum ábyrgð á spóa- og heildlústofninum, um 50% stofnsins er með dvöl á Íslandi.
- Lúpína getur losað hláturgas við vissar aðstæður þar sem það tekur inn mikið N sem skilar sér ekki í jörðinni og losnar í andrúmsloftið sem hláturgas sem er margfalt öflugari gróðurhúsalofttegund en koldíoxíð.
- Láglandi Íslands talið með mikilvægustu vaðfuglasvæðum Evrópu!
- Vekja athygli á þjóðlendunum sem við eigum öll saman
- Læra af fortíðinni
- Uppræta samdaunasýki
- Takast á við sjálfbærnisjónarmið
 - Loftslagsmál v.s. umhverfismál
- Landnýting er svæðisbundin og staðbundin.
- Við megum ekki kenna bændum um. Það þarf að vera góð miðstýring. Þetta er búið að vera svo ábótavatn í svo langan tíma. Við erum að koma í nýtt kerfi. Þetta má ekki vera non agency málefni.

- Við erum náttúran - við erum hluti af náttúrunni.
- Endurskoða alls konar hugtök um eignarrétt og vera þrýstiafl til þess að koma öllum á sama borð. Alla sem eiga erindi til...og allt samfélagið.

Þema 3: Friðlýsingar og virkjanir

Fræðsla:

- Vantar meiri umræðu um hvort við þurfum meiri rafmagn, rök fyrirtækja um að það sé minna hræðilegt að hafa virkjanir hér m.v. í öðrum löndum, í hvað rafmagnið fer, þurfum við fleiri virkjanir?? Styrkja núverandi kerfi í stað þess að virkja meira
- Umfjöllun um græna orku gleymir alveg líffræðilegum fjölbreytileika
- Það vantar fræðslu og að það sé aðgengilegt fyrir ungt fólk
- Fræðast, Landsvirkjun hefur áhuga á samtalinu
- Það þarf að gera náttúruvernd kúl, svo að ungt fólk vilji vera með. Auka áhuga þess á málefniinu.
- ATH upprunavottorð mjög ógagnsæ, þarf að bæta og fá meira gagnsæi í tölum varðandi orku

Rannsóknir:

- Auka framlög til vinnu við náttúruvernd og rannsóknir, rannsóknarvinnan kemur oft fyrst úr fjármagni frá hagsmunaaðilum sem eru að rannsaka virkjanakosti, þarf að rannsaka náttúruna meira hlutlaust fyrst. T.d. kom vistgerðaflokkunin fyrst í gegnum virkjanapening, alltaf verið að gera rannsóknir út frá nýtingu sem þarf að snúa við.
- Fjármagni er úthlutað skakkt sem veldur skekkju við ákvörðunartöku um hvar sé best að fara í aðgerðir. Fá inn óháða aðila í vöktun með virkjunum og virkjanakostum, áhersla á auðlindir og náttúru

Lög og reglur:

- Mikilvæg vinna fer fram í rammaáætlunum, eins og í dag er alltaf verið að bregðast við virkjanakostum sem eru tillögur hagsmunaaðila að virkjunum, en þarf að vera frekar proactive, í stað reactive. Vantar heildræna stefnu um hvar eigi að virkja og hvar ekki, en ekki bara að bregðast við tillögum hagsmunaaðila um hvar eigi að virkja
 - t.d. kemur inn verkfræðistofa sem verðmetur friðlýst svæði í lægsta verðmætaflokkinn, þannig er landvarsla og friðlýsing = stöðnun í þeirra augum, sjá ekki virðið

Samvinna:

- UST má bæta miðlun á friðlýsingum þ.e.a.s. ferli við að láta hagsmunaaðila vita, betri miðlun en að birta í lögbirtingarblaði
- Það er mikilvægt að passa upp á samráð á milli friðlýsinga og virkjana, efla það.
- Það hefur fráhrindandi áhrif á að taka þátt í umræðunni um friðlýsingar og virkjanir þegar það eru áberandi lið, það vantar meira samráð.

- Leita til ungs fólks til að vera með í samráði þegar það fer í virkjanaframkvæmdir og friðlýsingar á einstökum verkefnum.
- Það skiptir máli að Landsvirkjun haldi áfram að ráða til sín ungt fólk.
- Félagasamtök ungs fólks meira í samráði við hagsmunaaðila í virkjunum og friðlýsingum.

Lífriki og virkjanir:

- Blint auga við umhverfisáhrifum smávirkjana, blind auga við undirbúning þar, þarf að bæta
- Vantar óháðan aðila í vinnu við umhverfismat, gengur ekki að hagsmunaaðili sem leggur fram virkjanakost ráði aðila til að framkvæma umhverfismat.
- Gleymist oft að taka tillit til sjávarlífs við umhverfismat
- Mikilvægt að vernda sjógöngustofna laxfiska fyrir virkjunum.
- Fiskstigir
 - Mikilvægir í smávirkjunum
 - En seinka fiskgöngum
 - Væri hægt að bæta við fiskistigum
- Fólk sem rannsakar fuglalíf og vindmyllur
- Náttúruvernd skiptir mjög miklu máli
 - Að vera með óspillta náttúru
- Það þarf að passa að vatnalíf gleymist ekki. Það á það til að gleymast þar sem það er ekki eins sjáanlegt og margt annað landlíf.

Orkuskipti:

- Loka álverum og nota orkuna í orkuskipti
- Umræðan um orkuskiptin ennþá mjög einhæf við að það séu jafn margir bílar í gagninu. Hvað með ef við hættum að hugsa um að allir sem eiga eldsneytisbíl fari í rafmagnsbíl en frekar að sumir hætti að nota bíl
- Sveiflukenndar þarfir í orkunotkun
 - Alltaf talað um hámarksnotkun í stað þess að skoða meira orkugeymslu. Nýta dægursveiflur.
 - Væri hægt að blása lífi í gamlar virkjanir með því að samnýta vindorku til að dæla aftur upp í lónin
 - Þarf alla toppa?
- Hvað erum við til í að forna fyrir?
 - Hvað er orkan notuð í?
 - Getur skipt sköpum
 - En getur líka verið flókið
- Hversu mikla raforku þurfum við?
- Flutningskerfið skiptir miklu máli. Að það sé öruggt. Eitt er að framleiða orku og hitt er að vera með öruggt flutningskerfi og góða nýtingu á orkunni.
- Þegar horft er til nýrra virkjana þarf að byrja á því að skoða í hvað núverandi orka er að fara í og sjá til hvort það þarf að fara í nýja virkjun → TIL HVERS ER VERIÐ AÐ VIRKJA.

Friðlýsingar og landvarsla:

- Samskipti landvarða við aðra landverði og stofnanir megi bæta og samrýma, fá fleiri heilsárslandverði, nýta betur staðbundna þekkingu landvarða t.d. dagbækur þeirra. Stofna landvarðastofnun eða Auðlindastofnun til að samræma stofnanir, fá skilvirkari ferla
- Aðgengismál, það þarf að bæta úr aðgengismálum. Umhverfisstofnun er með það á skrá hjá sér, en það þarf að bæta úr. Fólk er misjafnt.

Annað:

- Virkjanir eru með takmarkaðan líftíma
 - Eigum við að virkja endalaust nýtt ef t.d. Kárahnjúkavirkjun er mögulega búin eftir 50 ár? Eða fyrr.
- Vindorka
 - Mögulega jákvæðari áhrif en vatnsaflsvirkjanir á vatnalífverur
 - Gæti stuðlað að því að ekki yrði virkjað meira.
- Hellisheiðarvirkjun
 - Nýting ekki endilega sjálfbær og endurnýjanleg
- Jarðhiti
 - Er jarðhiti sjálfbær og endurnýjanlegur til lengri tíma?
 - Hellisheiði of ágeng
- Vindorka
 - Lífríki í vatni
 - Hvaða áhrif?
- Það vantaði kannski smá umræðu um hvort betra sé að virkja á hálendi vs. láglendi
 - Lífríki í vatni á undir meira högg að sækja á láglendi
 - Flókið mál..
- Vindorka
 - Vantaði umræðuna um neikvæð áhrif á uppsetningu, það sem verður eftir.
 - Ræða um mikilvægi þess að nýta land til þess sem það er best
- Hvernig getur verið sjálfbært ef við reidum okkur á bráðnun jökla?
 - Eða tímabundin lón?
- Málaflokkurinn í heild, virkjanir og friðlýsingar, er ekki nógu aðgengilegur ungu fólki.

Þema 4: Sjór og sjávarútvegur

Fræðsla:

- Sjórinn er ósýnileg náttúra og erfitt að fá fólk til að sjá fegurðina, þess vegna mikilvægt að auka fræðslu.

- Fræðslu og kynningarherferðir varðandi sjómengun og hættur sem steðja sjónum verða að vera í samræmi við hvar vandamálið er hlutfallslega mikið (mikil áhrif).
- Ungir umhverfissinnar mega leggja í að gera sjóinn forvitnilegan.

Rannsóknir:

- Mikilvægt er að auka rannsóknir á hafsbotninum. Vitneskja um hafsbotninn er regnhlíf yfir margt mjög mikilvægt, t.d. mun slík þekking auka vitneskju um kóralla í kring um Ísland sem gegna mikilvægu hlutverki í vistkerfi sjávar, kórallar eru mjög vanmetnar og alltof fáir vita að það séu yfir höfuð kórallar í kringum Ísland og hér þarf Hafrannsóknastofnun og fleiri að bæta rannsókn- og fræðslumál.
- Það er ekki bara fiskur í sjónum, vitum fullt um fisk en minna um aðrar lífverur sem skipta líka máli, þarf að bæta.
- Hafrannsóknastofnun er að vinna í að rannsaka betur áhrif súrnun sjávar og hvernig hægt er að vakta áhrifin og stöðuna, mikilvægt að þekkja þetta vel og ætti að vera komið lengra
- Passa að skemma ekki sjóinn áður en við náum að rannsaka hann til fulls.
- Kortleggja hafsbotninn. Hvað er mikið af ósnertu viðerni í hafinu?
- Rannsaka hvort það séu risastór vistkerfi sem við erum að þrengja að með hljóðmengun eða öðrum umsvifum.

Lög og reglur:

- Setja á fram áfangamarkmið að því hvernig 30x30 verndun í sjó á að vera náð árið 2030, í dag er hlutfallið aðeins um 1% við Íslandsstrendur.
- Það mætti vera meira aðhald á að sjávarútgerðir fylgi reglum.
- Lögfasta nýju stjórnarskrána sem fyrst svo það sé hægt að finnpússa hana.

Útgerðarmál:

- Nýsköpun, hvað getum við gert, margt mun breytast eftir 10-15 ár og því mikilvægt að setja áherslu á nýsköpun. T.d. merkja veiðarfærin til að geta skammað þá sem menga sjóinn með veiðarfærum, en eftir nokkur ár munum við kannski ekki nota eins veiðarfæri.
- Það ætti að merkja veiðarfæri.
- Útgerðin ber ábyrgð á að farga þeim veiðifærum sem koma frá strandveiðahreinsun.
- Orkuskipti í sjávarútvegi eru tímabær.

Annað:

- Þarf meiri áherslu á siðferðismál áður en ráðist er í ákvarðanatöku.
- Mjög skrytið hvað BBNJ er lítið þekkt, þarf að standa betur að ákvörðunartöku sem varðar helming plánetunnar.
- Drullast til að laga skólpmál í landinu. Það er ekki boðlegt að 40% af skólpi fer óhreinsað beint út í sjó á Íslandi og aðeins 4% er tvísíað.
- Að fara með strætó minnkar örplast í sjó.

- Rafvæða Baldur og gera það að kröfu að skemmtiferðaskip og öll skip séu knúin áfram á rafmagni á meðan þau eru í landi.
- Ungir umhverfissinnar ættu að taka þátt í BBNJ Youth Network og Arctic Youth Ocean.
- Virkja ungt fólk til að gera umhverfislega uppbyggjandi verkefni þar sem þau gera eitthvað hands on sem hefur góð áhrif á þau og umhverfið.
- Ungir umhverfissinnar ættu að bjóða upp á strandhreinsun (viðburður).